

Stjórnarfundur Leiðsagnar

29. ágúst 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) varamaður

Á fjarfundi: Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Pétur Gunnarsson (PG) varamaður.

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) varamaður,.

1.	Fundur settur	Formaður býður fundarmenn velkomna. Fundargerð frá 7.6. hefur þegar verið samþykkt í tölvupóstum.		Friðrik
2.	Undirbúningur kjaraviðræðna, fyrirkomulag, mönnun, tímaplan	<p>Lagt er til að halda opinn félagsfund um kjaramálin þann 15. september og er það samþykkt. Verður kallað eftir hugmyndum, kannað hvað brennur á félagsmönnum og hvað er raunhæft í kjarakröfum. Mikil ólga er hjá öðrum stéttarfélögum og von á harðri kjarabaráttu víða, og eins víst að samningar muni taka tíma.</p> <p>Ræða þarf verktakavinnu sérstaklega en ekki eru fordæmi fyrir því í kjarasamningum, en eins og staðan er hjá leiðsögumönnum og í ferðaþjónustunni þá þarf að taka það málefni fyrir og er SAF samþykkt því.</p> <p>SSS formaður Kjaranefndar hefur leitað til fjölmargra um að taka þátt í starfi viðræðunefndar, bæði í svokölluðum innri viðræðuhópi sem fara mun í beinar kjaraviðræður við SAF og einnig í ytri hópi sem mun vera til stuðnings og ráðgjafar. Vel gengur að manna ytri hópinn en fáir gefa kost á sér í þann innri, enda afar krefjandi starf framundan þar. Formaður LS og formaður Kjaranefndar eiga sæti í innri hópi en þurfa sterka og einarða einstaklinga með sér. Lögfræðingur ASÍ og hagfræðingur munu verða til ráðgjafar í ytri hópi.</p> <p>Innri viðræðunefndin þarf að vera orðin klár fljótlega eftir félagsfundinn 15. september og í framhaldinu þarf Trúnaðarráð að samþykkja þá sem taka sæti í viðræðunefndinni í heild sinni. Stefnt að því að boða til trúnaðarráðsfundar ca 19.-22. september. SSS tekur að sér að gera tímaplan fyrir undirbúning og viðræðufundi en fyrstu fundir með SAF eru áætlaðir í október.</p> <p>Nýstofnað félag ökuleiðsögumanna hefur sent erindi til stjórnar LS og óskað eftir því að fá að tilnefna tvo fulltrúa sína í kjaraviðræðunefndina. Samþykkt að óska í fyrstu eftir upplýsingum um hverjir þeir aðilar séu og hvort þeir séu félagar í Leiðsögn. Einnig samþykkt að senda erindi á félagið og benda á þann kost að vera faghópur innan vébanda Leiðsagnar. Sama erindi yrði sent til hinna ýmsu félaga sérleiðsögumanna, t.d. fjallaleiðsögumanna, veiðileiðsögumanna o.fl. og benda á mikilvægi þess að sameinast í komandi kjarviðræðum.</p>	Á U U Á U Á Á	Snorri Snorri Friðrik Snorri Friðrik Harpa

3.	Raunfærnimat	<p>Sigrún Stefánsdóttir hefur samþykkt að taka sæti í Fagráði sem fulltrúi stjórnar og mun ásamt HB leggja sérstaka áherslu á að raunfærnimat leiðsögumanna verði tekið upp sem fyrst. Í vor voru fulltrúar stjórnar Leiðsagnar í samræðum við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og Iðuna um samstarfsgrundvöll til að setja á laggirnar raunfærnimat leiðsögumanna, en Iðan hefur langa reynslu af raunfærnimati iðngreina og er mjög heppilegur samstarfsaðili í þeim efnum. Bæði Leiðsöguskólinn og EHÍ hafa fullan vilja til að koma á fót raunfærnimati, en hafa mjög ólíkar námsskrár.</p> <p>Stefnt er að fundi með Leiðsöguskólanum og Iðunni um miðjan september, en einnig þarf að funda með EHÍ.</p> <p>Kalla þarf eftir námsskrám beggja skólanna og bera saman við Evrópustaðalinn, og setja viðmið sem Fagråd getur stuðst við þegar meta á og taka inn félagsmenn út frá skólagöngu og menntun, en Fagråd tekur við því hlutverki fyrrverandi Fagdeildar.</p>	U	<p>Harpa</p> <p>Harpa Friðrik</p> <p>Harpa Fagråd</p>
4.	Lögverndun	<p>Formaður FR sendi þann 23.3. erindi til Menningar- og viðskiptaráðuneytis þar sem hann óskaði eftir fundi til að ræða lögverndun starfsheitis leiðsögumanna. Erindinu fylgdi góður rökstuðningur, hlekkir á umræðu undanfarinna ára og skýrslur frá 2018 og 2021 þar sem þetta mikilvæga málefni var til umfjöllunar. Eins var minnt á 50 ára afmæli félagsins og nefnt að a.m.k. vilyrði yfirvalda um lögvernd starfsheitisins <i>leiðsögumaður</i> væri frábær afmælisgjöf. Ekki barst svar og þurfti formaður að ganga á eftir því, en loks þann 29.6. kom svar þar sem erindinu var hafnað með m.a. þeim rökstuðningi að „lögverndun starfsheitisins komi ekki til greina, eða sé ekki tímabær, og að aðrar leiðir en lögverndun séu betri til þess að ná markmiðum um aukin gæði, öryggi og umhverfisvernd. Mat ráðherra hefur verið að almennt séð eigi lögverndun starfsheita við í greinum þar sem hún skilar sannarlega ávinningi en að ávinningurinn af lögverndun starfsheitis leiðsögumanna sé óljós. Lögverndun starfsheitisins fæli í sér ákveðna skerðingu á atvinnufrelsi þar sem einstaklingar, sumir með áratuga reynslu í leiðsögn, gætu ekki lengur notað starfsheitið. ... Skoða mætti aðrar leiðir til að ná þeim markmiðum sem haldið hefur verið fram að náist með lögverndun starfsheitisins s.s. á grunni Vakans eða með því að gera sérstakar kröfur til leiðsagnar sem krefst sérstakrar varkárni og þekkingar. ... Í samkeppnismati OECD á regluverki ferðaþjónustu frá árinu 2020 kemur fram að almennt væri til bóta að draga úr vægi lögverndunar starfa og starfsheita hér á landi. Markvisst hefur verið unnið að því á vegum stjórnvalda undanfarin ár. Þá telur ráðuneytið varhugavert að fara fram með lögverndun þegar skortur er á leiðsögumönnum en viðbúið er að eftirspurn eftir þjónustu leiðsögumanna muni aukast eftir því sem ferðamönnum fjölgar á ný. Ef það er skortur á framboði á markaði er fremur rétt að draga úr aðgangshindrunum og þannig reyna að auka framboðið og efla samkeppni. ... Ráðuneytið telur hins vegar að fylgja megi eftir tillögum starfshóps um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna frá 2021 varðandi það að löggfesta og innleiða Evrópustaðal EN 15565:2008 og bæta ýmsa aðra þætti varðandi menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna í samráði við ráðuneyti menntamála.“ Bergmálar þetta svar viðhorf fyrrverandi ráðherra ferðamála frá 2018. Stjórn mun þó ekki gefast upp á að vinna í þessu máli og leita frekari leiða, m.a. með því að kanna hug SAF og ferðaþjónustuaðila, sem margir hverjir eru hlyntir lögverndun, sýna fram á ávinninginn í gæðum, öryggi og neytendavernd,</p>	U	Friðrik

		koma með ábendingar um framkvæmd og fyrirkomulag í öðrum löndum, því lögverndun starfsheita er hreint ekki meiri hér á landi en víða erlendis, þó slíku hafi verið haldið fram af stjórnvöldum. En eins og kemur fram í svari ráðuneytisins þá hefur markvisst verið unnið að því á vegum stjórnvalda og er yfirlýst stefna þeirra að „ <i>draga úr vægi lögverndunar starfa og starfsheita hér á landi.</i> “		
5.	Starfshópur á vegum MMS (mennta- og menningarmála-stofnunar)	*(Hallfríður kemur inn á fundinn kl. 18) GME er fulltrúi Leiðsagnar í starfshópnum sem settur var á laggirnar hjá MMS í byrjun árs, og gerir hún grein fyrir starfinu fram að þessu. Haldnir hafa verið 2 fundir, einn til að kalla saman hópinn og til kynningar og annar í apríl til að ræða málefni ferðapjónustunnar almennt en ekki sérstaklega um málefni leiðsögumanna. Ekki hefur verið boðaður fundur síðan, en GME kveðst hafa rekið á eftir því og vonast eftir fundi bráðlega. Hún hefur líka kallað eftir námsskrá frá MK, en ekki fengið viðbrögð þaðan enn.	U	Guðný
6.	Afmæli	Sett hefur verið á laggirnar ritnefnd til að vinna að útgáfu afmælisrits. Í henni eiga sæti Harpa Björnsdóttir, Kári Jónasson, Áslaug Jóna Marinósdóttir, Þórhildur Sigurðardóttir og Kristín Sætran. Hafa þau unnið hugmyndalista um umfjöllunarefni og höfunda en kalla einnig eftir hugmyndum frá stjórn. Haldið verður málþing þann 22. október í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Þarf að móta dagskrá en fyrir liggur ráðherra mun ávarpa þingið, enda er ferðapjónustuna stærsta atvinnugreinin í dag og hlutverk leiðsögumanna hefur aldrei verið mikilvægara. Stofnfélagar verða einnig heiðraðir og stefnt er að því að fá góðan fundarstjóra og skemmtiatriði. Lýkur þinginu með léttum veitingum.	U	Harpa
7.	Önnur mál	a) Stefnt að því að halda námskeið s.hl. september á vegum ASÍ, opið öllum félagsmönnum. Miðað við 2 daga á tímanum kl. 16-19, annan daginn yrði fjallað um starfsemi stéttarféлага og hinn um undirbúning kjarasamninga. Gott ef þessi námskeið yrðu fljótlega í kjölfar félagsfundarins 15. september svo hægt sé að kynna þau þá og skrá í þau. Þau vera einnig kynnt í tölvupóstum til félagsmanna þegar búið er að móta þau og ákveða dagsetningar. GME óskar líka eftir að komið verði á námskeiði um fundarsköp og fleira því tengt síðar í vetur, eins og hefur verið rætt um áður. b) SSS formaður Kjaranefndar hefur unnið mikið í hinum ýmsu kjarabrotamálum á árinu og gefur stjórn innsýn í þau málefni, sem eru mörg og krefjandi. Leggur hann til að ráðinn verði sérstakur aðili í 25% starf til að sinna launaútreikningum og samskiptum við félagsmenn, því hann annað þessu ekki öllu. Ekki er hægt að ætlast til að félagsmenn í sjálfboðavinnu geti annað þessu eða hafi fullkomna þekkingu á þessu og því e.t.v. betra að leita til fagaðila sem þekkir svona mál.	U U	Harpa Snorri

	<p>Kjaranefnd er búin er að funda með mörgum fyrirtækjum, og sum hafa tekið sig á en önnur láta sér ekki segjast. Hvetur SSS til að farið sé í hart með aðstoð lögfræðings, Hauks R. Birgissonar, því um sé að ræða hreinan og kláran launþjófnað í mörgum tilfellum.</p> <p>c) Félagsmaður, Birgir Róbert, hefur haft samband við félagið og boðist til að vinna launalaust í því að fá góð afsláttarkjör fyrir félagsmenn, og æskir SSS samþykkis stjórnar til þess að BR fái að gera það í samstarfi við starfsmann skrifstofu. Samþykkt og einnig að óska eftir áætlun frá BR sem lögð yrði fyrir stjórn áður en hann hefur starfið.</p> <p>d) Rætt um endurnýjaða reglugerð Sjúkrasjóðs sem stjórn sjóðsins hefur gert. Hún var ekki tilbúin til kynningar á síðasta aðalfundi. Hún hefur ekki ennþá verið lögð fyrir stjórn Leiðsagnar til kynningar og umsagnar, sem væri þó eðlilegt ferli. Æskilegt að fá stjórn sjóðsins á fund félagsstjórnar og óska einnig eftir að reglugerðin verði lögð fram til kynningar á auka-aðalfundi sem halda á í haust og fjalla á m.a. um upphæð aðildargjalds.</p> <p>e) Formaður FR vill efna til samtals og samstarfs við okkar helstu samstarfsmenn á vettvangi, þ.e. bílstjóra. Oft erfiðar aðstæður á vegum þar sem þeir þurfa að taka ábyrgð á öryggi farþega. Lögreglu hefur ekki fjölgað síðan 2007 og reglugerðum og eftirliti er ábótavant í mörgu, líka með erlendum aðilum. Samtal um þessi mál við SAF og rútufrirtæki væri æskilegt, einnig með þátttöku bílstjóra.</p>	U	Snorri
		Á	
		U	
		Á	Friðrik
		U	Friðrik
	Fundi slitið 19:15		

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari